

Skipulagsfulltrúi
Garðabær-Bæjarskrifstofur
Garðatorgi 7
210 Garðabæ



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 13. janúar 2016
UST201505-165/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hliðs á Álftanesi

Vísað er til auglýsingar/kynningar á tillögu að breytingu deiliskipulags Hliðs á Álftanesi. Umhverfisstofnun vill koma með eftirfarandi ábendingar vegna áætlaðra framkvæmda á lóð fyrir veitingahús og gistirými sem er umkringt friðlýstu svæði að Hliði.

Náttúruminjar

Hlið á Álftanesi var friðlýst sem fólkvangur árið 2002.

Um fólkvanginn gilda eftirfarandi reglur:

1. Almenningi er heimil för um svæðið í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengni gætt.
 2. Mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi sveitarstjórnar Bessastaðahrepps og [Umhverfisstofnunar].
 3. Bygging og viðhald sjóvarnargarða á vegum sveitarfélagsins og Siglingastofnunar Íslands er heimil.
 4. Fuglaveiðar og eggjataka í fólkvangnum eru óheimilar svo og meðferð skotvpopna.
 5. Sveitarstjórn Bessastaðahrepps getur þó veitt heimild til þess að verja fuglalíf fólkvangsins, t.d. vegna minks, en ávallt í samræmi við lög nr. 64/1994.
 6. Umferð vélknúinna farartækja er aðeins heimiluð á skipulagðri götu og vegslóða innan fólkvangsins. Einnig meðfram sjávarkambi vegna verkefna á vegum sveitarfélagsins, svo sem vegna 3. tl.
 7. Losun jarðefna, rusls og sorps er óheimil í fólkvangnum. Losun jarðefna til byggingar og viðhalds sjóvarnargarða sbr. 3. tl. er heimil.
 8. Efnistaka á sjávarbotni innan netlaga er óheimil nema að fengnu leyfi sveitarstjórnar Bessastaðahrepps og [Umhverfisstofnunar].
 9. Sveitarstjórn Bessastaðahrepps mun, að höfðu samráði við [Umhverfisstofnun], framkvæma nauðsynlegar aðgerðir til að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, svo sem með lagningu göngustíga og uppsetningu fræðsluskilta þar sem því verður við komið.
- Lóð fyrir veitinga- og gistirými er undanskilin ofangreindri friðlýsingu, sjá kort af fólkvangi.

Byggingarreitir og framkvæmdir

Á upprætti þar sem sýnd er tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðar fyrir veitinga- og gistijónustu kemur fram að hluti af byggingarreitum áætlaðra bygginga eru skipulagðir alveg við mörk hins friðlýsta svæðis. Stofnunin bendir á að ef byggingar rísa á mörkum friðlýsta svæðisins mun rask við framkvæmdir og allt viðhald fara fram frá friðlýsta svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að allt rask utan veitinga- og þjónustusvæðis er óheimilt, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Einnig þarf að

fá leyfi fyrir för vinnutækja um friðlýsta svæðið utan þess slóða sem sýndur er á skipulagsuppdrætti. Stofnunin bendir einnig á að breytingar á slóða er liggur gegnum friðlýsta svæðið eru óheimilar án leyfis Umhverfisstofnunar.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi í skilmálum að sækja þarf um leyfi hjá Umhverfisstofnun ef fara á með ökutæki út fyrir skipulagðan slóða. Einnig þarf að sækja um leyfi fyrir öllu raski sem verður við framkvæmdir ef það nær inn á friðlýsta svæðið.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

J. Þorsteinn Guttormsson
Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri